

**Fundargerð 27. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál**  
**Fundur haldinn í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu 23. september í 2016 kl. 14.00**

**Dagskrá:**

1. Áheyrnafulltrúi landshlutasamtaka sveitarfélaga í stýrihópnum
2. Mótun nýrrar byggðaaætlunar 2017-2023
3. Áhersluverkefni Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra
4. Áhersluverkefni Eyþings
5. Samráðsfundur 26. september 2016
6. Fundir með landshlutasamtökum sveitarfélaga
7. Árleg greinargerð stýrihópsins til ráðherra
8. Önnur mál

**Mættir:** Hanna Dóra Másdóttir formaður (ANR), Björn Helgi Barkarson (UAR), Helga Haraldsdóttir (ANR), Karitas H. Gunnarsdóttir (MMR), Karl Björnsson (sambandinu), Sigurður Guðmundsson (FJR), Þór G. Þórarinsson (VEL), Þórarinn V. Sólmundarson (MMR), Björg Björnsdóttir (landshlutasamtökunum) og Hólmfríður Sveinsdóttir (Byggðastofnun), sem ritaði fundargerð.

**Fjarverandi:** Ingibjörg Rafnar Pétursdóttir (UTN), Stefanía Traustadóttir (IRR) og Steinunn Halldórsdóttir (FOR).

Fundargerð 26. fundar hafði verið send fundarmönnum og samþykkt fyrir fundinn.

Formaður bauð Helgu Haraldsdóttur velkomna í stýrihópinn, en hún tekur sæti Elvars Knúts Valssonar sem fulltrúi atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins.

**Umfjöllun og afgreiðsla:**

**1. Áheyrnafulltrúi landshlutasamtaka sveitarfélaga í stýrihópnum**

Verkefnisstjóri greindi frá því að Páll Guðjónsson, framkvæmdastjóri Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, hafi tekið við formennsku í samtökum landshlutasamtaka sveitarfélaga þann 21. september. Venjan er að formaðurinn sitji sem áheyrnarfulltrúi í stýrihópnum en sökum sérstöðu höfuðborgarsvæðisins hvað sóknaráætlunir varðar hafa samtök landshlutasamtaka ákveðið að Björg Björnsdóttir (Sambandi sveitarfélaga á Austurlandi) og Páll Snævar Brynjarsson (Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi) skipti á milli sín næstu 12 mánuðum. Björg mun þannig sitja áfram sem áheyrnarfulltrúi til áramóta og þá tekur Páll við og situr til haustsins 2018, en SSV tekur við formennsku haustið 2017.

**2. Mótun nýrrar byggðaaætlunar 2017-2023**

Formaður og verkefnisstjóri upplýstu um framgang undirbúnings við mótun nýrrar byggðaaætlunar 2017-2023. Vinnan gengur vel og er að mesta á áætlun. Haldnir hafa verið fjölmargir samráðsfundir í öllum landshlutum og í öllum ráðuneytum. Önnur fundaherferð um landið og ráðuneytin verður farin í byrjun október. Liður í undirbúningsvinnunni er sviðsmyndagreining um búsetuþróun til ársins 2030. Sviðsmyndirnar verða kynntar á byggðaþingi í Reykjavík 27. september nk.

### **3. Áhersluverkefni Norðurlands vestra**

Stýrihópurinn hafði fengið sendar upplýsingar um áhersluverkefni Norðurlands vestra, dags. 14. september sl. Um er að ræða sex verkefni sem snúa að svæðisleiðsögn, kortlagningu skapandi greina, samstarfi listamiðstöðva og fræðslustofnana, listaskóla unga fólksins, raunvísindaskóla og íbúakönnun. Samtals renna 10 milljónir úr sóknaráætlun 2016 til verkefnanna, auk 5,4 milljóna í mótframlag.

Stýrihópurinn staðfestir verkefnið fyrir sitt leyti.

### **4. Áhersluverkefni Norðurlands eystra**

Stýrihópurinn hafði fengið sendar upplýsingar um áhersluverkefni Norðurlands eystra, dags. 22. september sl. Um er að ræða þrjú verkefni sem snúa að samstarfi um fjölnýtingu orkuauðlinda, þróun og ráðgjöf í menningarmálum og svæðisskipulagi fyrir ferðaþjónustu. Samtals er úthlutað 28,6 milljónum úr sóknaráætlun til verkefnanna, auk 34,1 milljón í mótframlag (þar af koma rúmar 2 milljónir af umsýslu-fjármagni Eyþings úr sóknaráætluninni).

Stýrihópurinn staðfestir verkefnið „Þróun og ráðgjöf í menningarmálum“ og „Svæðisskipulag fyrir ferðaþjónustu á Norðurlandi eystra“ fyrir sitt leyti. Verkefnið „Samstarf um fjölnýtingu orkuauðlinda á Norðurlandi eystra“ er staðfest með þeim fyrirvara að verkefninu verði lýst skýrar og gefnar verði nánari upplýsingar um einstaka verkþætti.

### **5. Samráðsfundur stýrihópsins og landshlutasamtaka sveitarfélaga 26. september 2016**

Boðað hefur verið til samráðsfundar stýrihópsins og landshlutasamtaka sveitarfélaga mánudaginn 26. september frá kl. 11.00-15.00 í mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Dagskrá fundarins var rædd, en á fundinum verður farið yfir upplýsingar úr greinargerðum ársins 2015 og upplýsingagjöf vegna greinargerða fyrir árið 2016. Þá mun stýrihópurinn bera undir landshlutasamtökin hvernig standa eigi að úttekt/greiningu á sóknaráætlunum, samanber umræður á síðasta fundi stýrihópsins þann 21. júní.

### **6. Fundir með landshlutasamtökum sveitarfélaga**

Í samningum um sóknaráætlanir landshluta er kveðið á um að fulltrúar stýrihópsins og landshlutasamtaka sveitarfélaga fundi árlega um framkvæmd hvers samnings á grundvelli sóknaráætlunar. Haustið 2015 fóru fundirnir fram í hverjum landsluta fyrir sig en í ár verða þeir í Reykjavík. Stefnt er að því að fundirnir fari fram um miðjan nóvember. Formaður og verkefnisstjóri boða fundina.

### **7. Árleg greinargerð stýrihópsins til ráðherra**

Fundarmenn höfðu fengið send lokadrög að greinargerð stýrihópsins til ráðherra um framvindu sóknaráætlunarsamninga og ráðstöfun fjármuna. Farið var yfir greinargerðina, hún rædd og lagðar til lítilsháttar breytingar. Enn á eftir að ljúka við ritun lokaorða. Farið var yfir þau og verkefnisstjóra falið að ljúka við kaflan og senda hópnum til yfirlestrar.

### **8. Önnur mál**

#### *a) Umboð stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál*

Upplýst var að minnisblað sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, dags. 17. maí 2016, um umboð stýrihópsins Stjórnarráðsins um byggðamál hafi verið samþykkt í ríkisstjórn þann 19. maí.

*b) Ferðakostnaður áheyrnafulltrúa landshlutasamtaka sveitarfélaga*

Á síðasta fundi stýrihópsins var samþykkt að leggja það til við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið að ráðuneytið greiði ferðakostnað áheyrnafulltrúa landshlutasamtakanna á fund stýrihópsins. Fulltrúi landshlutasamtakanna færði stýrihópnum þakkir samtakanna.

*c) Næsti fundur stýrihópsins*

Ákveðið að næsti fundur stýrihópsins miðvikudaginn 19. október kl. 10.30-12.00.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15.45.